



## AÐALSKIPULAG GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS 2020-2032

Greinargerð – nýir göngu- og hjólreiðastígar

14.04.2026



Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

#### SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 09.10.2025 með athugasemdafresti til: 31.10.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: 05.02.2026 með athugasemdafresti til: 27.02.2026.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

#### UPPLÝSINGAR

##### SKJALALYKILL

113111-GRG-001-V04

##### HÖFUNDUR

IS

##### RÝNT

ÁJ, AB

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Undirbúningsvinna sveitarfélagsins	4
2.2	Forsendur breytingar	5
2.3	Vatn	6
2.4	Stefna í Aðalskipulagi Grímsness- og Grafningshrepps 2020-2032	6
2.5	Heilsueflandi samfélag	7
2.6	Loftslagsstefna Grímsnes- og Grafningshrepps 2024-2030	7
2.7	Landsskipulagsstefna 2024-2036	7
3	AÐALSKIPULAGSBREYTING	7
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	8
4.1	Valkostir og umhverfisáhrif	9
4.1.1	Niðurstaða	10
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	10

## 1 INNGANGUR

Grímsnes- og Grafningshreppur vinnur að gerð göngu- og hjólréiðastíga meðfram Biskupstungnabraut og Þingvallavegi. Því er gerð breyting á Aðalskipulagi Grímsness- og Grafningshrepps 2020-2032 þar sem settir eru inn göngu- og hjólréiðastígar í námunda við þessa vegi.

Markmiðið er að bæta möguleika á vistvænum samgöngum, öryggi vegfarenda og heilsu íbúa og gesta, samhliða uppbyggingu ferðaþjónustu og annarrar þjónustu í sveitarfélaginu. Eins og ástandið er í dag hika margir við að hjóla á milli staða í uppsveitunum þar sem eina leiðin er að hjóla með umferðinni, en með mikilli fjölgun ferðamanna hefur umferð aukist mikið. Stefna í breyttu skipulagi er í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags.

### 1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með forsendum og umhverfismatsskýrslu. Einnig skipulagsuppdráttur sem sýnir gildandi og breytt aðalskipulag.

## 2 FORSENDUR

### 2.1 Undirbúningsvinna sveitarfélagsins

Stýrihópur sveitarfélagsins um göngu- og hjólastíga setti fram hugmyndir um helstu leiðir og forgangsröðun við gerð þeirra. Við val stýrihópsins á leiðum var horft til umferðarpunga, slysatíðni, þjónustustaða, áningarstaða og fjölda íbúða/frístundalóða í nágrenninu og mögulegar tengingar við nærliggjandi sveitarfélög.

Lagt er til að farið verði í uppbyggingu stíga í eftirfarandi röð:

- Borg – Búrfellsvegur
- Búrfellsvegur – Kerið
- Kerið – Öndverðarnes
- Öndverðarnes – Þrastarlundur
- Þingvallavegur
- Sólheimavegur frá Borg að Sólheimum

Til lengri tíma litið felast mikil tækifæri í því að tengja göngu- og hjólréiðastíga Grímsness- og Grafningshrepps við nærliggjandi sveitir. Slík tenging er líkleg til að efla svæðisbundna samvinnu, styðja við vistvænar samgöngur, lýðheilsu og ferðaþjónustu, og auka heildarnotagildi stígakerfisins fyrir bæði íbúa og gesti.

Framtíðarsýnin er að skapa tengingar innan byggðar, útivistarsvæða og þjónustukjarna í sveitum Suðurlands í samvinnu við önnur sveitarfélög.

## 2.2 Forsendur breytingar

Gert er ráð fyrir að gerðar verði hjóla- og/eða gönguleiðir meðfram núverandi vegum innan sveitarfélagsins. Þingvallavegur (nr. 36) og Biskupstungnabraut (nr. 35) eru báðir skilgreindir sem stofnvegir og Sólheimavegur sem tengivegur. Helgunarsvæði þeirra er 30 m út frá miðlínu vegar. Göngu- og hjólaleiðir verða að jafnaði í a.m.k. 15 m fjarlægð frá vegkanti núverandi vega til að koma til móts við öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Ekki er talið raunhæft að vera með stíga fjarri núverandi vegum því það getur lengt vegalengd á milli staða og þá þvera stígar einkalönd sem þarf þá að girða af.

**TAFLA 1.** Vegir og vegkaflar sem breytingin hefur áhrif á, ásamt umferð um þá árið 2024.

VEGUR	VEGNR OG KAFLI	VEGIÐ MEÐALTAL UMFERÐAR ÁRIÐ 2024
Biskupstungnabraut	35-01	ÁDU 4900, SDU 6900, VDU 3250
	35-02	ÁDU 4050, SDU 5600, VDU 2750
	35-03	ÁDU 2650, SDU 3700, VDU 1800
Þingvallavegur	36-01	ÁDU 810, SDU 1300, VDU 460
Sólheimavegur	354-01	ÁDU 420, SDU 550, VDU 260

Mikil frístundabyggð er á svæðinu og er dvalið í mörgum frístundahúsum allt árið um kring. Umferð er mikil, sérstaklega yfir sumartíman og þótt einungis tvö alvarleg slys hafi orðið síðan 2007, er nokkuð um óhöpp og minni háttar slys skv. [Slysakort | Ísland.is](#), aðallega tengt gatnamótum. Á þeim tíma hefur umferð aukist verulega<sup>1</sup>, t.d. á Biskupstungnabraut (ÁDU), neðan Þingvallavegar úr 2.942 í 4.950 (SDU 4.367 í 7.000) og aðrir vegkaflar samsvarandi. Um helmings munur er á sumardagsumferð og vetrardagsumferð. Með gerð hjólreiðstíga er tækifæri til að létta á umferð á vegum, sérstaklega á sumrin.

Eftir er að semja um endanlega legu stíga við landeigendur, auk þess að við nánari hönnun leiðanna er mögulegt að þær hliðrist eitthvað til. Við staðsetningu og útfærslu er miðað við að leiðirnar liggja ekki samhliða reiðleiðum, heldur eru reiðleiðir öðru megin vegar og göngu- og hjólastígur hinu megin. Haft verður samráð við landeigendur, Vegagerðina, veitufyrirtæki vegna lagna, og eftir atvikum fleiri aðila varðandi endanlega legu og útfærslu leiðanna.

Göngu- og hjólreiðastígar liggja í jaðri veghelgunarsvæðis Biskupstungnabrautar, Þingvallavegar og Sólheimavegar, þ.e. um svæði sem yfirleitt hefur verið raskað við vegagerð og/eða með lagnaleið veitna. Því er ekki búist við að þar sé að finna sérstæðar vistgerðir eða náttúruminjar. Þá eru ekki taldar líkur á að minjar finnist á svæðinu. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

<sup>1</sup> <https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/gagnasafn/umferdartolur/umferdarmedaltol-a-thjodvegum>

## 2.3 Vatn

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skal vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Eftirtalin vatnshlot eru innan þess svæðis sem breytingin nær yfir:

- Grímsnes 103-207-G. Umhverfismarkmið er að magnstaða og efnafræðilegt ástand sé gott, hvort tveggja er óþekkt.
- Lyngdalsheiði 104-305-G. Umhverfismarkmið er að magnstaða og efnafræðilegt ástand sé gott, hvort tveggja er óþekkt.
- Höskuldslækur 2 103-844-G. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt- og efnafræðilegt ástand sé gott, hvort tveggja er óþekkt. Vatnshlotið er undir álagi vegna fiskeldis.
- Ásgarðslækur 104-968-R. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt- og efnafræðilegt ástand sé gott og að vatnshlotið sé ekki í hættu. Vistfræðilegt ástand er mjög gott, efnafræðilegt ástand óþekkt og ekkert skráð álag.
- Sog 2, 104-778-R. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt- og efnafræðilegt ástand sé gott og að vatnshlotið sé ekki í hættu. Vistfræðilegt ástand er gott, efnafræðilegt ástand óþekkt og ekkert skráð álag.
- Höskuldslækur 3, 103-903-R. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt ástand sé mjög gott, efnafræðilegt ástand sé gott og að vatnshlotið sé ekki í hættu. Vistfræðilegt ástand er mjög gott, efnafræðilegt ástand óþekkt og ekkert skráð álag.
- Grjótá, 103-947-R. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt ástand sé mjög gott, efnafræðilegt ástand sé gott og að vatnshlotið sé ekki í hættu. Vistfræðilegt ástand er mjög gott, efnafræðilegt ástand óþekkt og ekkert skráð álag.
- Hestvatn, 103-253-G. Umhverfismarkmið er að magnstaða og efnafræðilegt ástand sé gott, hvort tveggja er óþekkt.

EKKI er talið líklegt að gerð göngu- og hjólreiðastíga hafi neikvæð áhrif á vatnshlot.

## 2.4 Stefna í Aðalskipulagi Grímsness- og Grafningshrepps 2020-2032

Í kafla 5 er sett fram stefna sem tengist göngu- og hjólreiðastígum og vistvænum ferðamáta:

- Að stuðla að loftlagsvænum samgöngum, breyttum ferðavenjum íbúa og vistvænum ferðamáta, t.a.m. með göngu- og reiðhjólástígum í dreifbýlinu.
- Að auka hlutdeild gangandi og hjólandi vegfarenda.
- Við uppbyggingu og endurbætur á vegum verði gert ráð fyrir breiðri vegöxl fyrir reiðhjólaumferð.
- Að gott og greiðfært grunnkerfi verði fyrir gangandi og hjólandi sem tengir saman þéttbýli og dreifbýli.
- Að fjölgað verði gönguleiðum sem nýtast til atvinnusóknar jafnt og til útivistar.
- Að reiðhjólaleiðir verði aðskildar frá megin vegum eftir því sem hægt er. Leiðir vera útfærðar í samvinnu við landeigendur, almenning og ferðapjónustuaðila.

Breytt aðalskipulag með fjölgun göngu og hjólréiðastíga styður við ofangreinda stefnu í gildandi skipulagi.

## 2.5 Heilsueflandi samfélag

Grímsnes- og Grafningshreppur er heilsueflandi samfélag. Einn liður í því er umhverfi sem styður við og hvetur til hreyfingar til að efla almenna heilsu fólks. Hreyfing eflir ekki einungis líkamlega heilsu heldur einnig andlega heilsu. Hreyfing er mjög mikilvæg bæði þegar kemur að heilsu og velsæld.

Með því að leggja göngu- og hjólréiðastíga auðveldar sveitarfélagið fólki að velja það að nota virkan ferðamáta til að ferðast á milli staða og býr til aðstæður til að stunda hreyfingu. Rannsóknir hafa sýnt fram á að betri aðstaða hvetur til hreyfingar.

## 2.6 Loftslagsstefna Grímsnes- og Grafningshrepps 2024-2030

Í [loftslagsstefnunni](#) kemur fram að sveitarfélagið stefni að því að bæta möguleika fólks til að nýta virka ferðamáta á borð við hjólréiðar og göngu. Bæði innan sveitarfélagsins og milli þéttbýliskjarna þess. Þetta verður gert með því að bæta umferðarmannvirki og fjölga göngu- og hjólastígum.

## 2.7 Landsskipulagsstefna 2024-2036

Í landsskipulagsstefnu er lögð rík áhersla á vistvænan ferðamáta, þar á meðal göngu og hjólréiðar og uppbyggingu leiða. Þetta kemur m.a. fram í stefnu um að bæta möguleika fólks til að nýta virka ferðamáta á borð við hjólréiðar og göngu, bæði í dreifbýli og þéttbýli, og að skipulag dreifbýlis skal tryggja jafnvægi milli ólíkra ferðamáta og skapa skilyrði fyrir samtengt kerfi samgangna með áherslu á virkan ferðamáta (göngu, hjólréiðar, reiðleiðir). Útivistarleiðir skulu eftir því sem kostur er aðskildar frá megin vegum.

Breytt aðalskipulag er í samræmi við þessi ákvæði í landsskipulagsstefnu.

# 3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á greinargerð og skipulagsupprætti. Á skipulagsupprætti er bætt við göngu- og hjólréiðastígum og í greinargerð eru settir skilmálar fyrir þá.

### Breytingar á skipulagsupprætti

Á sveitarfélagsupprætti er bætt við göngu- og hjólréiðastíg með Biskupstungnabraut, frá Borg að sveitarfélagsmörkum við Sveitarfélagið Ölfus við Sogið. Meðfram Þingvallavegi, frá Biskupstungnabraut að Búrfellsvegi. Og með Sólheimavegi frá Borg að Sólheimum. Legu reiðleiðar með hluta Sólheimavegar er breytt, búið er að leggja reiðleiðina sunnan og austan vegarins.

### Breytingar á greinargerð

Í kafla 5.4 Reiðhjólaleiðir er bætt við eftirfarandi töflu yfir göngu- og hjólreiðastíga og settir skilmálar fyrir þá.

**TAFLA 2.** Göngu- og hjólreiðastígar.

NR	HEITI	SKILMÁLAR
GH1	Göngu- og hjólreiðastígar	Göngu- og hjólreiðastígur með Biskupstungnabraut, Þingvallavegi og Sólheimavegi. Staðsetning á skipulagsupprætti er til leiðbeiningar en nákvæm útfærsla og staðsetning skal gerð á hönnunarstigi. Eftir því sem hægt er skal fella mannvirki vel að umhverfinu og útfæra þannig að áhrif á lífríki verði sem minnst. Lágmarka skal rask á landi.

Engin breyting er á stefnu fyrir reiðleiðir í greinargerð.

## 4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Skoðuð verða áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu hér fyrir neðan.

**TAFLA 3.** Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<b>Landslag og ásýnd</b>	Aðalskipulag. <ul style="list-style-type: none"> <li>Landnotkun stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.</li> <li>Að gæta umhverfissjónarmiða við skipulag svæða og að öll landnýting verði í sátt við náttúruna.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag og ásýnd? Hefur stefnan áhrif á landnotkun?
<b>Vatn</b>	Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. <ul style="list-style-type: none"> <li>Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á vatn eða grunnvatn?
<b>Loft</b>	Aðalskipulag. <ul style="list-style-type: none"> <li>Að stuðla að loftlagsvænum samgöngum, breyttum ferðavenjum íbúa og vistvænum ferðamáta, t.a.m. með göngu- og reiðhjólástígum í dreifbýlinu.</li> <li>Að auka hlutdeild gangandi og hjólandi vegfarenda.</li> </ul> Loftslagsstefna <ul style="list-style-type: none"> <li>Bæta skal möguleika fólks til að nýta virka ferðamáta á borð við hjólreiðar og göngu.</li> </ul> Landsskipulagsstefna <ul style="list-style-type: none"> <li>Lögð er rík áhersla á vistvænan ferðamáta, þar á meðal göngu og hjólreiðar og uppbyggingu leiða.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á vistvænan ferðamáta og losun gróðurhúsalofttegunda?
<b>Samfélag</b> <i>Útivist og lýðheilsa.</i> <i>Fjölbreyttur ferðamáti.</i> <i>Umferðaröryggi</i>	Aðalskipulag <ul style="list-style-type: none"> <li>Að stuðla að loftlagsvænum samgöngum, breyttum ferðavenjum íbúa og vistvænum ferðamáta, t.a.m. með göngu- og reiðhjólástígum í dreifbýlinu.</li> <li>Að auka hlutdeild gangandi og hjólandi vegfarenda.</li> </ul>	Stuðlar stefnan að meiri útivist og betri lýðheilsu? Styður stefnan við fjölbreyttan ferðamáta?

UMHVÉRISÞÁTTUR	UMHVÉRISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að gott og greiðfært grunnkerfi verði fyrir gangandi og hjólandi sem tengir saman þéttbýli og dreifbýli.</li> </ul> Heilsueflandi samfélag <ul style="list-style-type: none"> <li>Umhverfi sem styður við og hvetur til hreyfingar til að efla almenna heilsu fólks.</li> </ul> Landsskipulagsstefna <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag dreifbýlis skal tryggja jafnvægi milli ólíkra ferðamáta og skapa skilyrði fyrir samtengt kerfi samgangna með áherslu á virkan ferðamáta.</li> </ul>	Stuðlar stefnan að góðum grunnkerfum? Hefur stefnan áhrif á umferðaröryggi?

#### 4.1 Valkostir og umhverfisáhrif

Sveitarfélagið vill stuðla að gerð göngu- og hjólréiðastíga um sveitarfélagið og er það í samræmi við stefnu í gildandi aðalskipulagi sem miðar að fjölgun slíkra leiða, þó leiðir séu ekki sýndar á skipulagsuppdráttum. Gildandi skipulag miðar við að leiðirnar nýtist jafnt til atvinnusóknar og til útivistar og að þær séu aðskildar frá reiðleiðum. Göngu- og hjólréiðastígar og reiðstígar eru sitt hvoru megin við vegi og liggja því ekki saman.

Grímsnes- og Grafningshreppur er heilsueflandi samfélag og hefur sett sér loftslagsstefnu. Báðar þessar stefnur miða að hreyfingu íbúa og að þeim verði auðveldað að nýta virkan ferðamáta til að ferðast milli staða.

Óvarðir vegfarendur eru ávallt í hættu á þjóðvegum og á þessum vegum er mikil umferð bæði íbúa og ferðafólks, eins og kemur fram í kafla 2.2. Til að bæta umferðaröryggi þurfa stígar að vera aðskildir frá megin vegum vegna öryggisþátta.

Verið er að útfæra betur stefnu gildandi aðalskipulags um göngu- og hjólréiðastíga, breytt stefna er í samræmi við loftslagsstefnu sveitarfélagsins og stefnu sveitarfélagsins um heilsueflandi samfélag. Því eru ekki bornir saman valkostir heldur aðeins gerð grein fyrir líklegum áhrifum af stefnu um legu göngu- og reiðhjólastíga.

- Breytt skipulag. Gerðir verða göngu- og reiðhjólastígar með Biskupstungnabraut og Þingvallavegi.

#### Áhrif af stefnu í breyttu skipulagi

**Áhrif á landslag og ásýnd eru óveruleg.** Leiðirnar eru í jaðri veghelgunarsvæðis og innan svæðis sem hefur verið raskað vegna vegagerðar og lagningar veitna. Því verður takmörkuð breyting á ásýnd vegsvæðis frá því sem er í dag.

**Áhrif á vatn eru óveruleg.** Gerð útivistarleiða í jaðri veghelgunarsvæðis er ekki talin líkleg til að koma í veg fyrir að vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum.

**Áhrif á loft eru jákvæð.** Með gerð útivistarleiða er stuðlað að loftslagsvænum og vistvænum ferðamáta og líklegt að hlutdeild gangandi og hjólandi vegfarenda verði meiri, einkum á sumrin. Það dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda.

**Áhrif á samfélag eru jákvæð.** Möguleiki verður á meiri útivist íbúa og gesta, fjölbreyttum ferðamáta, grunnkerfi verða betri og umferðaröryggi batnar því ekki verður lengur gengið eða hjólað á vegum þar sem er mjög mikil umferð. Líklegt er að umferð á vegum minnki, einkum yfir sumartímann.

#### 4.1.1 Niðurstaða

Með ýtarlegri stefnu um göngu- og hjólréiðastíga í breyttu aðalskipulagi er verið að útfæra betur þá stefnu sem er í gildandi aðalskipulagi. En þar er stefnt að því að auka hlutdeild gangandi og hjólandi vegfarenda, fjölga leiðum sem nýtast til útivistar og atvinnusóknar og að stuðla að loftslagsvænum samgöngum sem jafnframt hvetja til útivistar og hreyfingar. Þá bætir það umferðaröryggi að reiðhjólafólk sé ekki lengur á vegunum en mikil umferð er um þá alla daga ársins. Búast má við að umferð minnki á vegum þegar það verður valkostur að nýta hjólastíg. Breytt skipulag styður einnig við og er í samræmi við heilsueflandi samfélag og loftslagsstefnu sveitarfélagsins.

## 5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Tillaga aðalskipulagsbreytingar verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

Helstu umsagnaraðilar eru eftirtaldir:


- Umhverfis- og Orkustofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Náttúruverndarstofnun
- Rarik
- Míla
- Veitur
- Bláskógabyggð
- Sveitarfélagið Ölfus

Eftir atvikum verður lýsing send öðrum aðilum til umsagnar s.s. hita- og kaldvatnsveitum Grímsnes- og Grafningshrepps.


Gert er ráð fyrir að tillaga að breyttu aðalskipulagi verði kynnt í byrjun árs 2026, auglýst á vormánuðum og taki gildi næsta sumar.

# Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

## Breyting - Göngu- og hjólréiðastígar



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR

### Skýringar

- |  |  |
|--|--|
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #f8d7da; border: 1px solid #c3e6cb;"></span> Afþreyingar- og ferðamannasvæði | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Kirkjugarðar og grafreitir |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Athafnasvæði   | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Samfélagsþjónusta          |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Efnistöku- og efnislosunarsvæði                            | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Verslun- og þjónusta       |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Fristundabyggð   | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Íbúðarbyggð                |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Iðnaðarsvæði   | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Minjavernd                 |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Landbúnaðarsvæði   | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Vatnsból                   |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Miðsvæði   | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Stofnvegur/stofnbraut      |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Opin svæði   | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Tengivegur/tengibraut      |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Samfélagsþjónusta  | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Aðrir vegir og götur       |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Skógræktar- og landgræðslusvæði                            | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Göngu- og hjólréiðaleið    |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Vötn, ár og sjór   | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Reiðleið                   |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Verslun- og þjónusta                                       | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Þéttbýlismörk              |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Íbúðarbyggð  | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Vatnafar                   |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Íþróttasvæði   | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Hverfisvernd               |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Óbyggð svæði   | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Vatnsvernd fjarsvæði       |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Vatn   | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Vatnsvernd grannsvæði      |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Afþreyingar- og ferðamannasvæði                            | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Náttúruvá                  |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Efnistöku- og efnislosunarsvæði                            | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Bæir                       |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Fristundabyggð   | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Hæðarlínur                 |
| <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #d4edda;"></span> Iðnaðarsvæði   | <span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color: #ffc107;"></span> Svæði breytingar           |

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur verið kynnt og auglýst skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_  
Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_


F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Skipulagsgögn:  
Uppdráttur þessi með greinargerð.



Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032  
Breyting - Göngu- og hjólréiðastígar

Verk: 113111	Blaðstærð: A3	Unnið: IS	Rýnt: GAL
-----------------	------------------	--------------	--------------

Mælikvarði: 1:50.000	Dags: 08.01.2026	Breytt dags:
-------------------------	---------------------	--------------